

**Sp.**

## **191. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Gerðahrepp, Miðneshrepp og Grindavíkurhrepp.

Flm.: Ólafur Thors, Guðm. Í. Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 450000 kr., sem Gerðahreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, lán að upphæð allt að 480000 kr., er Miðneshreppur tekur í sama skyni, og lán að upphæð allt að 475000 kr., er Grindavíkurhreppur tekur einnig í sama skyni, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði hverrar veitu.

### **Greinargerð.**

Með lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna, var ríkisstjórninni heimilað að koma upp n. a. rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa.

Veitunni til Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa og innan þessara hreppa er nú að verða lokið, en verið að kaupa inn efni til veitnanna til Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppa og framkvæmd verksins sums staðar þegar hafin.

Ríkið kostar 30000 volta aðalorkuveitu um Reykjanesið, en hverjum hrepp er ætlað að standast kostnað af innanhreppskerfum. Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er sú ábyrgð hliðstæð þeim ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir tilsvarendi kostnaði hjá Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi svo og hjá öðrum sveitarfélögum.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við áætlanir Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppi.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun innan skamms einnig ljúka áætlunum um rafveitur um Hafnahrepp og Vatnsleysustrandarhrepp, og mun ríkisstjórnin væntanlega þegar að fengnum þeim áætlunum taka ákvörðun um það, hvort nota skuli heimild þá, er veitt var með lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra rafveitna, að því er tekur til þessara veitna. Mun þá verða farið fram á, að ríkið taki einnig ábyrgð á lánum fyrir tilsvarendi rafveituframkvæmdum Hafnahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps.